


2017 VERKEFNASTJÓRASAMANTEKT



JÓNSMESSUHÁTÍÐ
MIDSUMMER MAGIC



LISTASUMAR
AKUREYRI ART SUMMER



AKUREYRARVAKA
CULTURAL NIGHT

Hulda Sif Hermannsdóttir
Almar Alfreðsson
19. september 2017


RÁÐNING OG UNDIRBÚNINGUR:

Settur var saman hópur fólks til að fara yfir kosti og galla mismunandi leiða við skipulagningu, dagsetningu og framkvæmd Jónsmessuhátiðar og Listasumars og var niðurstaðan sú að halda skyldi Jónsmessuhátið sem yrði 24 tíma löng hátíð 23.-24. júní með viðburðum hér og þar um bæinn og að Listasumar yrði sett laugardaginn 24. júní og stæði til föstudagsins 25. ágúst og að listasmíðjur fyrir ungmenni yrðu í ágústmánuði. Það var einnig niðurstaðan að ráðinn yrði verkefnastjóri sem hefði umsjón með viðburðunum þremur ásamt Akureyrarstofu og Listasafninu á Akureyri. Í kjölfarið var auglýst eftir verkefnastjóra og sóttu 10 einstaklingar um starfið, fjórir voru teknir í viðtal og var niðurstaðan sú að ráða Almar Alfreðsson vöruhönnuð í starfið.



Opnanir:

Listasafnið
Sundlaug Akureyrar
Flóra
GítMagið i Dögumni
Fríðbjarnarhús
Spjópan
Austurbókasafnið
Skáðuhólinn
(Davíðshús, Nonnahús og Sigurháði)
Málstræti 70
Studio og galleri
(Hafnarstræti 97 ónnur hæð)
Lytagarðurinn
Májaskrifð



Útlit 2016 - Vaiva Straukaitė

JÓNSMESSUHÁTÍÐ DAGSKRÁ:

Dagskrá Jónsmessuhátíðar hófst kl. 12 á föstudeginum 23. júní og stóð til kl. 12 laugardaginn 24. júní og hljóðaði kostnaðaráætlun upp á 500 þúsund í beina dagskrárgerð. Lagt var upp með að í boði væri dagskrá alla 24 tímana og var hún afar fjölbreytt eins og skýringarmynd sýnir* og viðburðirnir höfðuðu til ólíkra aldurshópa. Þátttaka var misjöfn eftir viðburðum, sumir þeirra voru afar vel sóttir s.s. allir viðburðir í Sundlaug Akureyrar og tónlistardagskráin „Þeim varð á í Jónsmessunni“ sem fram fór í Lystigarðinum. Það var líka lagt upp með að vera með viðburði utan hefðbundinna viðburðastaða, s.s. að fara í samstarf við veitingastaði, kaffihús og stórmarkað. Sundlaug Akureyrar, Listasafnið á Akureyri og Kaktus tóku afar virkan þátt í Jónsmessuhátíð með mörgun viðburðum.



JÓNSMESSUHÁTÍÐ
MIDSUMMER MAGIC

12:00 - 23. júní 2017
12:00 - 24. júní 2017



JÓNSMESSUHÁTÍÐ
MIDSUMMER MAGIC



Jónsmessuhátíð



jonsmessa@akureyri.is



Listasumar



#jonsmessuhatid
listasumar



Listasumar




jonsmessuhatid.is

Merki hátíðarinnar er hannað af Heiðdísí Höllu Bjarnardóttur
& Kristínu Önnu Kristjánsdóttur árið 2017


KYNNINGARMÁL JÓNSMESSUHÁTÍÐ:

Jónsmessuhátíð fékk sitt eigið lógó og einnig enska heitið Midsummer Magic. Prentaður var stór fáni með lögóinu og honum flaggað á risa fánastönginni í Listagilinu. Hátíðin var fyrst og fremst kynnt á Instagram og Facebook með gerð stakra viðburða, á síðunni Listasumar.is, prentaður var lítt bæklingur með dagskránni og auglýsingar á Facebook. Búið er að taka frá lénin jónsmessuhatid.is og jonsmessa.is þannig að á næsta ári er möguleiki á að birta dagskrána þar. Fengnar voru að láni stórar umferðarkeilur hjá umhverfismiðstöðinni og gerðir hringir með lögói hverrar hátíðar. Keilurnar voru svo staðsettar þar sem viðburður fór fram (sjá mynd).



Fáni - Listagilið


Fánasmíjan - 150x5000cm
- stafræn prentun
Prentað upplag: 1. stk.



Jónsmessuhátíð - einblöðungur

Prentsmiðjan.is - 120 gr. - stafræn prentun
Prentað upplag: 500 stk.

Pátttakendur: 500 stk.



12:00-14:00
MUSIK & MATUR
Kaffi Innur / Strof Svær
Sægre Strandur - Lind Peters
Málaborg 9 / Ólafur Ólafsson
KLÚBBSÍÐA
Kárl's, Höfðavarnir 73
15:00-17:00
SEEDO SHIBA
Leikarheimi

17:00-18:00
OPPLÀÐ - VÖVNA / CHILLED
Heidi's Hom
Hvitlaug - Aldekr, Höfðavarnir 73

17:00-19:00
MUSIK / UD
Lind Peters
Sægre Strandur
Lund Peters
OKASTANIR

17:00-23:00
USLIGGLÍÐA

17:00-23:00
COKASTANIR

17:30-18:30
ØPNUHÍF / SYÐVA / ÖHARÐ

13:30-15:30
HLAUÐMÍÐA

20:00-21:00
AZ VENDA &
ARNAÐIÐ JAHNIN

21:00-22:00
STÖRNISTRÓÐ

22:00-23:00
SÝR / SÍÐU
Hljómskáldur / Kálfveldur
Rögnvinn / Kálfveldur

22:00-23:00
MUSIK & MONGUNNHESSING

01:00-02:00
HÉMARSPÍR:
PODCAST

01:30-02:30
VÁSALÓSALEINSGÖG
Láspjöld / Kéttlu
Myur Íslensk

01:30-02:30
CHAMÍSTI VATN

01:30-02:30
Surðarlaukar
Ólafur Ólafsson

01:30-02:30
Q2R&B

02:00-03:00
HÉMARSPÍR:
PODCAST

02:00-03:00
JÓNSMESSUHÁTIÐ

03:00-04:00
SÝR / SÍÐU
Hljómskáldur / Kálfveldur
Rögnvinn / Kálfveldur

04:00-05:00
JÓG & SÍÐUN
Lopraðarstofa

05:00-06:00
JÓG & SÍÐUN
Lopraðarstofa

05:00-06:00
SÝR / SÍÐU
Hljómskáldur / Kálfveldur
Rögnvinn / Kálfveldur

06:00-07:00
JÓG & SÍÐUN
Lopraðarstofa

07:00-08:00
JÓG & SÍÐUN
Lopraðarstofa

08:00-09:00
JÓG & SÍÐUN
Lopraðarstofa

09:00-10:00
JÓG & SÍÐUN
Lopraðarstofa

10:00-11:00
HÉMARSPÍR:
PODCAST

11:00-12:00
JÓG & SÍÐUN
Lopraðarstofa

12:00-13:00
JÓG & SÍÐUN
Lopraðarstofa

13:00-14:00
PASTEL / NOTTHUM
Svartafossur
Upptíður

21:00-22:00
JÓG & SÍÐUN
Lopraðarstofa

22:00-23:00
JÓG & SÍÐUN
Lopraðarstofa

22:00-23:30
IMUST BE
HAPPY
Nýtt Birð & Di Nellaar

23:30-00:00
JÓNSMESSU / SAMFLÓÐ

00:00-01:00
LÚTAHALLA
HAUÐHALLA

01:00-02:00
JÓGSÍÐA

12:00-13:00
LÚTAHALLA /
KÉTTLU

LISTASUMAR DAGSKRÁ:

Eftir að búið var að setja niður fjárhagsáætlun, kostnað og fjölda per listasmiðjur, kynningarmál og fleira var farið í afar gott og mikilvægt samstarf við MAk, Gilfélagið, Kvik-Yndi, Sundlaug Akureyrar, Listasafnið á Akureyri, Sumartónleika í Akureyrarkirkju, Skáldahúsin og ART AK Amaró Gallerý og fól samstarfið í sér aðgengi að rýmum á ákveðnum dögum og/eða vinnuframlagi. Staðsetningum og dagsetningum var stillt upp með tilliti til þessa samstarfs svo úr varð heildaplagg (sjá skýringarmynd*). Í kjölfarið var auglýst eftir umsóknum um styrki fyrir viðburði og listasmiðjur og var hægt að sækja um staðsetningu hjá MAk, í Deiglunni eða í Rósenborg og voru gefnar upp mismunandi dagsetningar. Ákveðið var að auglýsa eftir umsóknum fyrir alls 5 viðburði á fimmtudögum í Hofi og var styrkurinn 50 þúsund fyrir hvern viðburð, fyrir 4 viðburði í Deiglunni og var 25 þúsund króna styrkur fyrir hvern viðburð, fyrir 2 lengri viðburði í Deiglunni alls 100 þúsund og fyrir 3 listasmiðjur (misjafnlega langar). Kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir alls 1 milljón í styrki og það gekk nánast eftir (930 þús). Alls bárust 22 umsóknir um að halda viðburði á Listasumri. Dagskráin var afar fjölbreytt eins og dagskrárskjalið sýnir, tónlist af ýmsu tagi, dans, upplestur bókmennta, myndlist, gjörningar, jóga, sirkuslistir, kvikmyndasýningar, trúadorastemning o.fl. Í listasmiðjunum var unnið með sköpun í formi ritlistar, unnið var með plast og pappamassa og dans.



LISTASUMAR
AKUREYRI ART SUMMER



LISTASUMAR
AKUREYRI ART SUMMER

24. júní - 26. ágúst 2017



Listasumar á Akureyri



listasumar@akureyri.is



Listasumar



listasumar



Listasumar



listasumar.is

Merki hátíðarinnar er hannað af Heiðdísí Höllu Bjarnardóttur
& Kristínu Önnu Kristjánsdóttur árið 2017

SETNING LISTASUMARS:

Listasumar tók við af Jónsmessuhátíð og tókst sú athöfn virkilega vel. Hún hófst kl. 14 á laugardeginum 24. júní með því að bæjarstjóri og listasafnsstjóri tóku Jónsmessufánann niður og Listasumarsfáninn var dreginn að húni og undir lék Lúðraveitar Akureyrar undir stjórn Ellu Völu Ármannsdóttur. Lúðrasveitin marseraði svo niður í Ketilhús þar sem formleg setning fór fram ásamt tónlistaratriðum flytjenda sem tóku þátt í Listasumri, Lúðrasveitin spilaði og listahópurinn RÖSK var með gjörning í Listagilinu. Dagskráin var auglýst frá kl. 14-17.



LISTASUMAR KYNNINGARMÁL:

Heimasíðan Listasumar.is ásamt Facebook og Instagram voru kynningarvettvangar Listasumars. Gera þurfti nokkrar breytingar á síðunni í upphafi þannig að hún yrði einfaldari og aðgengilegri. Prentuð voru plaköt með lögóinu og fyrir hvern viðburð. Einnig voru prentaðir límmiðar með lögói Listasumars og stór Listasumarsfáni en hefðbundnar auglýsingar í prenti voru fáar. Setning Listasumars var auglýst í prenti bæði hjá N4 og Dagskránni, í samlesnum á RÚV og skjáauglýsing var keyrð á N4 allt sumarið. Það náðist mikil „stimplun“ við að koma heitinu Listasumar á framfæri, þar sem viðburðahaldarar gerðu Listasumar á Facebook að svokölluðum „co-host“ í viðburðum og þar með fór viðburðurinn undir Listasumar á facebook. Almar var afar virkur við að mæta á undirbúning viðburða og á viðburðina sjálfa og sýna beint frá þeim á Facebook live. Keilur með áfestum hring með lögói Listasumars voru settar þar sem viðburðir fóru fram hverju sinni. Prentuð var auglýsing í póstkortastærð með almennum upplýsingum um Listasumar.



Fáni - Listagilið









Fánaðmiðjan - 150x5000cm
- stafræn prentun
Prentað upplag: 1. stk.




Listasumar - einblöðungur

Prentsmiðjan.is - 120 gr.
- stafræn prentun
Prentað upplag: 1.000 stk.

Fyrirtæki: 500 stk.
Standar: 500 stk.





SETNINGARHÓÐI LISTASUMAR 2017
26. Júní - 26. Agúst 2017
Akureyri, Iceland
Fríðið til 15.6.15

Hér eru fyrir neðan teknar úrsetningar með ófyrirvara um ófyrirvara.
Eftir ófyrirvara eru teknar ófyrirvara um ófyrirvara.
Um ófyrirvara eru teknar ófyrirvara um ófyrirvara.

ARTISTS

ALMAR

AKUREYRARVAKA DAGSKRÁ:

Samsetning dagskrár Akureyrarvöku var með svipuðu sniði og áður en þó aðeins fjölbreyttari og var fjöldi viðburða riflega 60. Áhersla var lögð á menningu og listir fyrir alla aldurshópa og viðburði sem hafa skipað sér fastan sess, s.s. Rökkurró í Lystigarðinum, Vísindasetur sem að þessu sinni fór fram í Hofi, Friðarvöku í kirkjutröppunum og stórtónleika í Listagilinu. Ekki var unnt að skipuleggja Draugaslöðina í ár en til þess að koma til móts við ungingastigið var Hryllingsvaka skipulögð í Íþróttahöllinni á Akureyri. Segja má að Akureyrarvaka hafi verið sett tvívar, þ.e. fyrst óformlega að morgni föstudagsins þegar bæjarstjóri ásamt börnum úr leikskólunum Hólmasól og Iðavelli drógu Akureyrarvökufánann að húni og sungu svo saman en hin formlega setning var um kvöldið í Lystigarðinum. Það var mikil ánægja með að tengja ungsviðið á þennan hátt inn í afmælishátíð bæjarins.

Fyrsti viðburður á laugardeginum var kl. 10 og sá síðasti var sigling með Húna II kl. 23. Viðburðirnir voru stórir sem smáir og fjölmargir sem komu að framkvæmdinni. Radíusinn var í og við miðbæinn en viðburðirnir teygðu sig einnig upp í háskóla, inn í Innbæ og á togarabryggju ÚA. Stórtónleikarnir í Listagilinu voru sendir út á Rás 2 og N4 gerði þátt um Akureyrarvöku sem sýndur var á RÚV á sunnudagskvöld. Tímasetningar á Friðarvökunni voru unnar í samstillingu við tónleikana, þ.e.a.s. þegar þeim lauk þá loguðu öll kertin en þau voru að þessu sinni seld af Slysavarnardeild Akureyrar og var það sem safnaðist notað til kaupa á hjartastuðtækjum sem komið verður fyrir á fjölmennum stöðum.



25.- 26. ágúst 2017

AKUREYRARVAKA
CULTURAL NIGHT

AKUREYRARVAKA
CULTURAL NIGHT

Akureyrarvaka

akureyrarvaka@akureyri.is

akureyrarvaka

akureyrarvaka
sjáumst

akureyrarvaka

akureyrarvaka.is

Merki hátíðarinnar er hannað af Heiðdís Höllu Bjarnardóttur
& Kristínu Önnu Kristjánsdóttur árið 2017

AKUREYRARVAKA KYNNINGARMÁL:

Nýtt lógó var unnið af þeim Heiðdísí Höllu Bjarnadóttur og Kristínu Önnu Kristjánsdóttur (sömu og unnu ný lógó Jónsmessuhátíðar og Listasumars og eru merkin þrjú hugsuð sem ákveðin heild). Prentaður var bæklingur og honum dreift í öll hús á Akureyri + prentuð auka eintök sem dreift var á fjölförnum stöðum, límmiðar með lögóinu, treiler á Bylgjunni, samlesnar á RÚV, Facebook auglýsingar, heilsíður í Dagskránni og N4. Fengnir voru tveir áhugaljósmyndarar sem eru hluti af Álfkonuhópnum, þær Lilja Guðmundsdóttir og Helga Gunnlaugsdóttir, til að taka myndir af öllum viðburðum. Verkefnastjórar Akureyrarvöku fóru í þónokkur viðtöl og enn og aftur voru samfélagsmiðlar mikið notaðir, bæði Facebook og Instagram. Búið er að taka frá lénið akureyrarvaka.is. Umferðardeilur með lögói Akureyrarvöku voru notaðar á stærstu viðburðunum.



Akureyrarvaka - bæklingur

Ásprent - 150 gr. - Silkimatt - Harmonikka
Prentað upplag: 9.000 stk.

Dreifing:
Akureyri/heimili + fyrirtæki: 8.700 stk.
Stýrð dreifing: 300 stk.



Fáni - Listagilið

Fána - 150x500cm
- stafræn prentun
Prentað upplag: 1. stk.




Samstarfsaðilar hátíðanna

2017

Akureyrarkirkja	KvikYndi
Albumm.is	Landsbankinn
Amtsþókasafnið á Akureyri	Listasafnið á Akureyri
ART AK – Amaró gallerí	Listasalurinn Bragi
ÁK smíði	Lystigarður Akureyrar
ÁLFkonur	Menningarfélag Akureyrar
Ásprent	Minjasafnið á Akureyri
Bautinn	Mjólkurbúðin
Berlín Akureyri	MOLD Skateboards
Bónus naustahverfi	Motus
Bílaklúbbur Akureyrar	Múlaberg
Bílaleiga Akureyrar	Myndlistarfélagið
Búnaðarsögusafn Eyjafjarðar	Norðurorka
Café laut	Nýsköpunarmiðstöð
EFLA Verkfræðistofa	Pacta lögmenn
Eimskip	Penninn Eymundsson
Eimur	Plastiðjan-Bjarg
Exton	Prentsmiðjan.is
Fab Lab Akureyri	Raftákn
Filmumenn	Rósenborg
Fjöldsmiðjan	RUB 23
Flóra	Saga travel
Flugsafn Íslands	Sjóppan vöruhús
Umhverfismiðstöð Akureyrarbæjar	Skátafélagið Klakkur
Geimstofan	Skógrækarfélag Eyfirðinga
Giltfélagið	Slippfélagið
Háskólinn á Akureyri	Slysavarnadeildin á Akureyri
Hjúkrunar- og dvalarheimilið Hlíð	Slökkvilið Akureyrar
Hólmasól	Strætisvagnar Akureyrar
Hótel KEA	Sundlaug Akureyrar
Húni II	T Bone Steikhús
Into the Arctic – Norðurslóð	Ungmenna-Húsið
Iðavöllur	Útgerðarfélag Akureyrar
Íþróttahöllin á Akureyri	Vistorka
Kaffi ilmur	Ölgerðin
Kaktus	Ölstofa Akureyrar

FJÁRMÖGNUN HÁTÍÐANNA:

Á Listasumar voru áætlaðar 4 milljónir og 4.5 milljónir á Akureyrarvöku. Í dagskrárgerð Jónsmessuhátiðar voru áætlaðar 500 þúsund kr. Af fjórum milljónum Listasumars var tæp milljón sett í að auglýsa eftir umsóknum um styrki vegna viðburða í Hofi, í Deiglunni og í listasmiðjur fyrir ungmenni. 1.250 þúsund fóru í að greiða grafískum hönnuðum og það sem eftir stendur fór í dagskrárgerð og markaðsmál. Ekki var leitað peningastyrkja fyrir Jónsmessuhátið né Listasumar en það fékkst afsláttur hjá Geimstofunni vegna prentunar á markaðsefni fyrir alla þrjá viðburðina. Vegna Akureyrarvöku var leitað styrkja til Landsbankans sem styrkti stórtónleikana um 500 þúsund, EFLA verkfræðistofa styrkti Vísindasetrið um 100 þúsund og Raftákn styrkti sama viðburð um 50 þúsund. Norðurorka styrkti Hryllingsvökuna um 200 þúsund. Einnig fékkst flutningsstuðningur hjá Eimskipi vegna tækja fyrir stórtónleikana í Listagilinu.





JÓNSMESSUHÁTÍÐ MIDSUMMER MAGIC

LISTASUMAR AKUREYRI ART SUMMER

Jónsmessuhátíð & Listasumar - Gjöld

Auglýstir styrkir	930.000
Kynningar- & markaðsefni	621.405
Setning Listasumars	70.000
Jónsmessuhátíð	423.000
Önnur dagskrá	165.547
Laun verkefnastjóra	1.250.000
Hönnunarvinna	225.000
Framkvæmdamiðstöð	80.000

Samtals **3.764.952 kr.**


Jónsmessuhátíð & Listasumar - Tekjur

Áætlun **4.000.000**

Samtals **4.000.000 kr.**

Mismunur **235.048 kr.**





AKUREYRARVAKA CULTURAL NIGHT

Akureyrarvaka - Gjöld

Fastur kostnaður	1.364.000	
Leyfismál	184.000	
Lystigarðurinn	235.000	
Stakir Viðburðir	932.167	
Flug	102.000	Air Iceland Connect styrkir EKKI lengur
Gisting	14.500	
Tækni & Tæki	2.457.777	Stórtónleikar 2. milljónir
Stórtónleikar	1.958.200	
Kynningarmál	1.086.080	
Umhverfismiðstöð	500.000	Áætlað
Samtals	8.833.724 kr.	

Akureyrarvaka - Tekjur

Áætlun	4.500.000
Landsbankinn	500.000
Raftákn	50.000
Norðurorka	200.000
Kynningarliður	1.000.000
Úr Listasumri	235.000

Samtals	6.485.000 kr.
----------------	----------------------

Mismunur	-2.348.724 kr.
-----------------	-----------------------



HEILDIN JÓNSMESSUHÁTIÐ, LISTASUMAR, AKUREYRARVAKA

Jónsmessuhátiðin tókst með mikilli prýði. Ástæða er til að nefna sérstaklega þátttöku Sundlaugar Akureyrar en þar voru 6 viðburðir auk lengri opnunartíma og var sundlaugin afar vel sótt og ljóst að gestum þykir eftirsóknarvert að nýta hana enn frekar sem samkomustað enda er sundlaug svo miklu meira en bara staður til að hreyfa sig. Samvinnan við starfsfólk Sundlaugarinnar var til mikillar fyrirmynadar og eftir því sem við komumst næst var mikil ánægja meðal starfsmanna með þetta aukna framboð til gesta. Það er von skipuleggjanda að þetta samstarf verði formfest enn frekar og jafnvel unnið meira með viðburðahliðina, ekki bara í kringum viðburði sbr. þessa þrjá sem hér er fjallað um – það er t.d. upplagt að einu sinni í mánuði sé „Heimspekipottur“. Verkefnastjórar lögðu upp með að gaman væri að prófa að skipuleggja viðburði á Jónsmessuhátiðinni, þar sem fólk á ekki von á slíku uppbroti og því var það afar skemmtilegt að vera með tónlist í stórmarkaði og vera með stutt tónlistaratriði á þremur ólíkum veitingastöðum í hádeginu.



Sem fyrr segir var Listasumar sett sama dag og Jónsmessuhátið lauk og þurfti að hafa býsna vaskar hendur við skipulagninguna til að allt gengi upp. Það er mat verkefnastjórnanna að það hafi verið skemmtilega hátíðlegur blær að hefja hátíðina á að flagga og ganga fylktu liði á eftir Lúðrasveitinni. Vonandi verður endurtekning á setningunni með þessum brag.



Það gaf afar góða raun að vinna Listasumar líkt og gert var þetta árið svo úr varð dagskrá nánast hvern dag (sjá kort*). Fyrir utan þá viðburði sem urðu til vegna styrkja þá bættust líka við fleiri sem vildu spyrða sig við Listasumar, til dæmis hjólabrettanámskeið og sirkusnámskeið. Það er einnig afar gleðilegt að það varð til virkilega gott samstarf við svo marga aðila – stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga. Dæmi um þetta er t.d. samstarfið við MAk og Gilfélagið, við Skapandi suamröstörf sem máluðu vegginn í Listagilinu á góðviðrisdögum, samstarf við Sumartónleikana í Akureyrarkirkju sem þurftu aðeins aðstoð við kynningarmál og þá er upplagt fyrir báða aðila að taka höndum saman og við Kvik-Yndi en sýndar voru myndir á stöðum sem hafa ekki endilega hingað til verið notaðir sem slíkir en hafa tækin til þess s.s. Flugsafn Íslands, hjá Bílaklúbbi Akureyrar, hjá Slökkviliði Akureyrar o.fl.



ÚTI ER ÆVINTÝRI

Bílastæðaveggurinn *The parking lot wall*

Bílastæðaveggurinn hefur í gegnum árin verið málður af ýmsum listamönnum. Í ár eru það Skapandi sumarstörf sem eiga heiðurinn af listaverkinu. Að baki býr hugmyndin um ævintýrið og það þema sem einkennir flest ævintýr, svo sem hetja kölluð til læriföðurs, baráttu og upprísa. Hver einstaklingur í hópnum fékk eitt þema að vinna með og mátti túka það að vild en síðan unnu þau saman að því sem eftir var. Að lokum stendur eftir heilstætt ævintýri eða verk.

The parking lot wall has through the years been painted by various artists. This year, the local Creative Summer jobs program has the honor of painting it. The idea behind the work of art is the concept of the adventure. The hero is summoned by its mentor, the battle and redemption. Every individual partaking in the program received a theme to work with and was free to interpret it at will but towards the end, they had to work together on the final product. The final product is a whole adventure and piece of art.

Verkefnin sem skapandi sumarstörf taka að sér í ár er gerð listaverks á bílastæðisvegginn í Listagilinu, viðburður á Jónsmessuhátið í Sundlaug Akureyrar og sýning á verkum og hugmyndavinnu sem þau gerðu í sýningarsal Kaktus þann 14. júlí.

The project the program will work on this year is the creation of a work of art on the parking lot wall by the Art Street, an event in relation to the midsummer magic in the Akureyri thermal pool and an exhibition of art and concept development by the people participating in this year's program in the gallery of Kaktus on the 14th of July.

Skapandi sumarstörf er atvinnuátak á vegum Akureyrarbæjar og Ungmennahúss-Rósenborgar fyrir ungt fólk á aldrinum 17-25 ára. Markmiðið með skapandi sumarstörfum er að veita ungu fólk tækifæri til að starfa sem skapandi fagmenn í sem nemur fimm vikum og sinna verkefnum sem krefjast skapandi hugsunar innan bæjarins.

The Creative Summer jobs program is a job initiative by the town of Akureyri and Rósenborg Youth Center for people aged 17-25. The goal of the program is to give opportunities to young people to work as creative professionals for five weeks and work in projects that require creative thought within the town.

Þátttakendur skapandi sumarstarfa 2017:
The participants in Creative Summer jobs program 2017:

Helena Ýr Pálsdóttir
Snæbjörn Máni Þorkelsson
Stefán Atli Arnarsson
Kristján Breki Björnsson
Bjarney Anna Jóhannesdóttir

Verkefnastjóri:
Project manager:
Kjartan Sigtryggsson



Skapandi sumarstörf / SkapandiSumar
#SkapandiSumarstörf #Listasumar



Viðburðir voru á heildina litið vel sóttir og greinilegt að það er þörf á sumrin líkt og á veturna fyrir viðburði. Tónleikar voru líklega almennt best sóttir en einnig viðburðir þar sem skipuleggjendur áttu ekki endilega von á miklum fjölda, til dæmis á gjörningadans í Hofi.




Listasmiðjurnar voru allar í ágúst eins og um var rætt og fóru þær fram í Deiglunni og í Rósenborg. Þær voru misvinsælar – ritlistin og dansinn virtust ekki hafa náð almennilega í gegn á meðan fín aðsókn var í listsköpunina með plast og pappamassa. Það er mat verkefnastjórnna að Listasumar hafi tekist afar vel. Allt ferlið við val á viðburðum og stað og stund gekk afar vel svo úr varð þétt og flott dagskrá.



Undirbúningur fyrir Akureyrarvöku hófst helst til of seint og helgast það m.a. af því að vinna við Listasumar stóð fram til 25. ágúst – sama dag og Akureyrarvaka hófst. Akureyrarvaka tókst hinsvegar með mikill prýði og var vel sótt þrátt fyrir vætu á laugardeginum. Rökkurró í Lystigarðinum heppnaðist með eindæmum vel og spilaði þar saman einstaklega gott veður og vel samansett dagskrá. Draugaslóðin var sem fyrr segir ekki í ár en vonandi verður unnt að skipuleggja hana á næsta ári með því að hefja fyrr undirbúning við ráðningu leikstjóra og ákveða staðsetningu en Innbæinn þarf að hvíla í einhvern tíma. Hryllingsvakan sem skipulög var í staðinn hefði þurft að skipuleggja betur og beina henni betur að ungingastigini en margir virtust halda að um væri að ræða viðburð eins og Draugaslóðina þó svo að auglysingar segðu annað – fólk er einfaldlega orðið vant Draugaslóðinni. Vísindasetrið var flutt úr Rósenborg í Hof og gerði mikla lukku líkt og áður og var mjög vel sótt. Málþingið um Káinn í HA var vel sótt en það má samt setja spurningamerki við það hvort Akureyrarvökuhelgi sé endilega rétta helgin fyrir slíkt þar sem pólitískt skipaðir fulltrúar bæjarins eru gjarnan gestir slíkra málþinga/funda og eru þá ekki á meðan sýnilegir á viðburðum afmælishátíðar bæjarins. Þó svo að fyrsti fundur vegna stórtónleikana í Gilið hafi verið haldinn á vormánuðum þá var ekki gengið af nægilegum krafti í að taka ákvarðanir sem sneru að þeim en það hafðist þó allt á endanum og úr urðu virkilega vel heppnaðir tónleikar. Það var ljóst eftir að upp komu tæknilegir örðugleikar á tónleikum á Menningarnótt að allir yrðu að vanda sig extra vel en tónleikarnir voru sendir beint út á Rás 2. Skemmt er frá að segja að Exton menn með Ágúst Örn Pálsson sem verkefnastjóra stóðu sig frábærlega og höfðu allt sitt á hreinu svo úr varð gott hljóð í Listagilinu, á svíðinu og í útsendingu. Það var ákveðið að kaupa heildarþjónustu af Exton fyrir Akureyrarvöku og hefur þessi þjónusta aldrei verið jafn fagleg og metnaðarfull.

Aldrei hafa lokanir verið jafn umfangsmiklar eins og nú á Akureyrarvöku og voru þær gerðar í mjög góðu samstarfi við lögreglu og umhverfismiðstöð.

Í ár líkt og síðustu ár er Akureyrarvaka mjög langt frá því að hafa það fjármagn sem til þarf. Listasumar var nær lagi og Jónsmessufjármagnið var látið nægja með mikilli aðhaldsseimi og ráðdeild. Það skal hér ítrekað og undirstrikað að ef Akureyrarbær hyggst greiða listafólki sómasamlega og á sama tíma að bjóða upp á metnaðarfulla viðburði þá verður að áætla meira fjármagn í þessa viðburði.



Samantekt:

Allir þrír viðburðirnir gengu vel og verkefnastjórateymið vann einstaklega vel saman. Eftirfarandi er þó afar mikilvægt að gera betur: Það verður að hefjast fyrr handa við dagskrárgerð og ef vel á að vera þarf sú vinna að hefjast um leið og viðburði lýkur. Til þess að þetta geti orðið þarf að endurbæta ráðningarmál þannig að viðkomandi verkefnastjóri hefji hugmyndavinnu ásamt teymi Akureyrarstofu og fleiri aðila strax á haustdögum. Það þarf að endurskoða hversu langt Listasumar er því Akureyrarvaka þarfnað mun meiri undirbúnings. Annaðhvort að stytta það og hafa bara listasmiðjurnar í ágúst eða ráða auka manneskju til að sinna Listasumri og sami verkefnastjóri sjái um Jónsmessuhátíð og Akureyrarvöku. Eins og fram kom hér að ofan eru viðburðirnir og þá fyrst og fremst Akureyrarvaka langt frá því að vera raunhæft fjármögnuð.



Lykillinn að vel heppnuðum viðburðum er fyrst og síðast samvinna.

Hulda Sif Hermannsdóttir & Almar Alfreðsson
verkefnastjórar Akureyrarstofu



A K U R E Y R A R S T O F A